


LISTIR

Áður óbirt bréf Kjarvals frá 1919



Jóhannes
Sveinsson Kjarval
(1885–1972)



Ljósrit af bréfi Kjarvals til Sigrúnar Blöndal.

„ÞETTA bréf er mjög merkilegt í ljósi textíl- og vefnaðarsögu okkar“, segir Hulda Jósefsdóttir textílhönnuður sem hefur undir höndum bréf frá Jóhannes Kjarval til Sigrúnar Blöndal, skólastjóra og stofnanda Húsmæðraskólans að Hallormstað. Bréfið skrifar Kjarval frá Kaupmannahöfn árið 1919 og lýsir þar hugmyndum sínum að stofnun vefstofu þar sem framleiða mætti vefnað eftir hugmyndum hans. Kjarval var þá 34 ára að aldri (1885–1972).

Hulda segir að bréfið hafi lengst af verið í fórum fjölskyldu Sigrúnar en lent hjá hjónunum Ásgerði Búa-dóttur veflistakonu og Birni Th. Björnssyni listfræðingi. „Ásgerður kom til mín afriti af bréfinu fyrir 13 eða 14 árum því hún vissi að ég var að starfa að hönnunarmálum. Bréfið er jafnframt á skrá hjá Kjarvals-safni. Úr því að bréfið hefur hvergi birst opinberlega fram að þessu þá finnst mér vel við hæfi að koma því á framfæri núna þegar sýningin Form Ísland stendur yfir á Kjarvalsstöðum þar sem saga íslenskrar hönnunar er rakin á mjög skilmerkilegan hátt. Hver þáttur Kjarvals var í þeirri þróun verður sjálfsagt aldrei metinn til fulls en hann var mjög mikill; Kjarval var svo fjölhæfur listamaður og næmur fyrir umhverfi sínu að vefnaður og klæðnaður var honum ekki síður hugleikið en margt annað sem bauð upp á myndræna útfærslu“, segir Hulda Jósefsdóttir.

„Hvort hugmyndin hefur kviknað vegna þessa bréfs er ómögulegt að segja en Sigrún Blöndal var menntuð í vefnaði á Norðurlöndum og útskrifaði tvo fyrstu vefnaðarkennarana hérlandis sem settu á stofn vefstofur á Ísafirði og í Reykjavík og ráku þær með myndarskap um árabíl. Ekkert svarbréf frá Sigrúnu til Kjarvals hefur fundist og ekki

vitað hvort það er til. Þegar Kjarval ritaði bréfið var hann búsettur í Kaupmannahöfn, nýlega giftur og hafði lokið námi við listaakademíuna. Hann hefur greinilega verið fullur af hugmyndum og viljað koma þeim á framfæri sem víðast. Þau Sigrún þekktust og eðlilegt að hann hafi leitað til hennar þótt hún hafi sjálfsagt átt erfitt um vik með að liðsinna honum því hún átti í miklum erfiðleikum með að koma skólanum á fót vegna fjárskorts.“

Bréfið

Höfn 11. nov. 1919

Sæl og blessuð Sigrún

Eins og þú sérð er ég ekki alveg að baki dottinn. Ég sendi þér hér lista yfir finska listasýningu – það fallegasta á henni eru teppin

„Ryor“. Málverkin eru ljót og ópersónuleg og ekkert finst í þeim af þjóðaranda eða metnaði eða alvöru djúpum skóla – eða heppni – í meðferð á neinn veg – En teppin þeirra vekja upp þjóðræknina í mér – vekja upp gamlan draug – altaf þegar ég sé falleg teppi vaknar hjá mér löngunin til þess að stofna svölitla vefstólavinnustofu – eða vefarastofu víst rétt sagt. Meira um það bráðum.

Ég ferðaðist í Noreg og Svíþjóð í haust og grenslaðist um hvern krók og kima að fornu og nýju – og sá þar heimilisýðnað frá firri tímum – fagrann og drottandi – teppi og ábreið-

ur og í dásamlegum litum – hvergi sá ég íslensku ábreiðuna – eða rósirnar í áklæðum. – Við eigum það sjálfstætt útaf fyrir okkur að mestu leiti. – Ég fékk fjölda af hugmyndum í ábreiður – og get nú alveg skilið á milli hvað er næst eðli okkar í þeirri list og hvað ekki.

Nú vil ég spyrja þig um hvort ekki væri hægt að stofna eitthvað í þessa átt – nokkrar konur heima sem kunna að vefa tækju sig saman og ynnu eitt ár til dæmis – í Reykjavík þarf það að vera – segjum 15 (?) – 10 vefstóla – og svo yrði ég sem nokkurs konar ráðunautur – þið réðuð vefnaðinum og sæðuð um hann – og ég svo um munstrin samfara ykkar ráði – og eftir minni þekking og rannsókn –. Hvað er hægt að vefa mörg teppi á vetri með slíku fyrirkomulagi?

– Meiningin hjá mér er nefnilega að sýna svo verk ykkar í útlöndum – ábreiðurnar skulu vera af praktískum stærðum svo að hægt sé að nota þær á legubekki – sem sagt að láta þær vinna sig inn í tímann sem við lifum í og inn í þarfirnar – svo að þær bæði skreyti og verði að fullkomnum notum. – Þessar vanalegu stuttu ábreiður koma ekki að gagni nú, en verða einungis móðins apaspiil – hvað vel sem þær eru gerðar vegna formsins. –

Einnig mundi fjöldi efnaðra Reykvíkinga kaupa þær – ef þær yrðu eins og ég hugsa mér. Arðinn fáið þið sjálfar og stofnunin – ég

ekkert – nema mjög vel gengi. – Svo kemur mergurinn málsins. Þegar þessi skóli og verksmiðja hefur unnið eitt tvö ár, eru nokkrar af þessum konum búnar að læra algjörlega stílfestuna og hæfileikann til þess að skreyta – innan stílsins – og til þess að finna upp sjálfar – fara út á heimili sín og halda áfram og breiða það út fyrirhafnarlaust.

Svara þú mér Sigrún – er hægt að gjöra þetta – kostar það of mikið – er hægt að fá ríkisbubba til þess að splæsa í fyrirtækið?

Við erum lítil þjóð en við erum sjálfstæðari í okkar tendens til lista en aðrir Skandinavar, – nú er ég kominn að þeirri niðurstöðu – er sannfæring mín. – Nú verðum við að sýna þjóðareinkennið og stílfestuna óhagganlega út á við sem allra fyrst – við verðum að

hlaupa þrjátíu rastir til þess að standa jafnfætis öðrum nágrönnum. – Einstöku menn sem hafa varla gjört annað en læra – og rýna njósna? – og grúska – í eðli íslenskra sálra – og nágrannahjóðanna – og þeirra listum, eru þegar búnir að leggja undir sig tuttugu rastirnar. Og ef einhverjir leggja fram bara trúna sem til þess þarf að stírkja með þann sem móður (?) er og einn á ferð – geta þessar þrjátíu rastir unnist (yfirstrikað: í félagskap) fljótt, og við verðum talin í manna tölu – vegna þess að þá sannast málshátturinn sem er æðsta boðorð hins vitandi og óafvitandi manns – dómurinn – af ávöxtunum skuluð þér þekkja þá. – Einn af þessum mönnum er ég sjálfur og þessvegna vil ég fá hjálp hjá landanum.

Ég skrifa ekki meir um þetta en bið þig vel að heilsa manni þínum – einnig á ég að heilsa frá konu minni kærlega.

Í Guðs friði

Jóhannes S. Kjarval

Ný sýning opnuð annað kvöld í Listasafninu á Akureyri

Heimskautalöndin unaðslegu – arfleifð Vilhjálms Stefánssonar

Akureyri. Morgunblaðið.

HEIMSKAUTALÖNDIN unaðslegu er heiti á sýningu sem opnuð verður í Listasafninu á Akureyri annað kvöld, sunnudagskvöld, kl. 20.

Sýningin lýsir með myndrænum hætti lífi, starfi og hugsjónum Vestur-Íslendinga Vilhjálms Stefánssonar en er um leið kynning á umhverfi, menningarheimum og málefnum norðurlöða.

Sýningin er unnin í samvinnu við Stofnun Vilhjálms Stefánssonar, Dartmouth College og Reykjavík – menningarborg Evrópu árið 2000. Samhliða henni verður efnt til ráðstefnu nýrra alþjóðlegra samtaka, Rannsóknarþings norðursins, en sýningunni lýkur 17. desember næstkomandi.

Siv Friðleifsdóttir umhverfisráðherra flytur ávarp og opnar sýninguna en auk hennar verður forseti Íslands, hr. Ólafur Ragnar Grímsson, og Evelyn Stefánsson Nef, fyrrverandi eiginkona Vilhjálms Stefánssonar, viðstödd opnunina. Hún mun einnig flytja ávarp, sem og Hannes Sigurðsson, forstöðumaður Listasafnsins á Akureyri, Þórunn Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Reykjavíkur – menningarborgar, Níels Einarsson, forstöðumaður Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar, og Sigurður J. Sigurðsson, forseti bæjarstjórnar Akureyrar.

Breytti mynd norðurlöða

Nafn Vestur-Íslendinga Vilhjálms Stefánssonar (1879–1962) er tengt norðurskautsslóðum og könnun þeirra ófrofa böndum. Hann er þekktastur fyrir að hafa ferðast um heimskautasvæði Kanada í fimm ár óslitið (1913–1918) og stundað mannfræðirannsóknir og landkönnun, en alls dvaldi hann um 12 ár á þessum slóðum. Hann lærði tungumál inúíta

og kynntist menningu þeirra og tileinkaði sér lífnaðarhætti þeirra. Síðar varð hann kunnur sem boðberi þess að Evrópubúar gætu, líkt og inúítar, lifað á heimskautaslóðum og nýtt sér gæði þeirra, að því tilskildu að þeir lærðu að umgangast náttúruöflin að hætti heimamanna. Á sínum tíma gerði Vilhjálmur Stefánsson meira en nokkur annar maður til þess að breyta mynd norðurlöða, frá heljar-slóðinni ömurlugu yfir í heimskautslöndin unaðslegu með merkilegu mannlífi, menningu og gnótt náttúrugæða.

Vilhjálmur fæddist í Manitoba, sonur íslenskra foreldra sem fluttust til Kanada. Fjölskyldan settist síðar að í Bandaríkjunum þar sem Vilhjálmur bjó til æviloka og stundaði nám við háskólann í Norður-Dakóta, ríkis-háskólann í Iowa og Harvard-háskólann en þaðan lauk hann meistaraþrófi í mannfræði.

Grunnur að Vilhjálmsafni

Sýningin er í öllum sölum Listasafnsins og er stuðst við ritaðar heimildir, ljósmyndir, hljóðupptökur og kvikmyndir sem varðveittar hafa verið í Stefánsson Collection í Dartmouth College og víðar. Þá má nefna útgefin verk Vilhjálms, áður óbirt efni úr dagbókum hans og fyrir-



Vilhjálmur Stefánsson

lestra sem eftir hann liggja. Þórunn S. Þórgrímsdóttir, hönnuður sýningarinnar, sagði að hugmyndin með uppsetningu sýningarinnar væri að um eins konar mannfræðirannsókn væri að ræða. Forlata sleði var smíðaður sérstaklega fyrir þessa sýningu í Finnlandi, en sleðann sagði Hannes

Sigurðsson, forstöðumaður Listasafnsins á Akureyri, hafa verið eins konar Pajero þessa tíma. Fyrir sleðann var beitt einum 12 hundum. Þórunn sagði sleðann markaðs sýningarinnar, en út frá honum geta gestir farið í sleðaslóðina og skoðað það sem fyrir augu ber á sýningunni. Í vestursal safnsins verður í gangi hljóðupptaka með fyrirlestri Vilhjálms og jafnframt varpað upp á vegg lit-skygnum sem hann notaði í fyrirlesturum sínum.

Arfleifð Vilhjálms færð í myndrænan búning

„Með þessari sýningu er verið að færa arfleifð Vilhjálms Stefánssonar í myndrænan búning, en um leið vísar sýningin í mun víðara samhengi“, sagði Hannes.

Snemma árs 2001 verður sýningin sett upp í Listasafni Reykjavíkur en þaðan mun hún fara áfram til Finnlands, Kanada og Bandaríkjanna. Þegar farandsýningunni lýkur er ætlunin að nota efni hennar sem grunn að sérstöku Vilhjálmsafni, sem áformað er að komið verði upp á Akureyri í tengslum við Stofnun Vilhjálms Stefánssonar.

Við opnun sýningarinnar verður einnig opnaður vefur á Netinu um Vilhjálms Stefánsson.

Nytjalist úr náttúrunni í Safnahúsinu á Sauðárkróki

SÝNINGIN „Nytjalist úr náttúrunni“ verður opnuð í Safnahúsinu á Sauðárkróki í dag kl. 14. Sýningin á Sauðárkróki er styrkt af menningarnefnd Skagafjarðar.

Markmið sýningarinnar er að sýna það besta af nytjalist sam-tímans. Hlutirnir voru allir sérhannaðir fyrir þessa sýningu.

Lögð er áhersla á að sam-tvinna góða hönnun, hugvit og gott handverk. Þema sýningarinnar er vatn.

Sýningin er framlag Hand-verks og hönnunar til dagskrár Reykjavíkur – menningarborgar Evrópu árið 2000.

Þátttakendur í sýningunni eru:

Anna Sigríður Hróðmarsdóttir, Arndís Jóhannsdóttir, Bergþóra Guðnadóttir, Brita Kristína Berglund, Brynja Baldursdóttir, Dýrfinna Torfadóttir, Elisabet Ásberg, Georg Hollanders, Guðbjörg Kr. Ingvarsdóttir, Guðrún Indriðadóttir, Helga Kristín Unnarsdóttir, Hrönn Vilhelmsdóttir, Jónas Bragi Jónasson, Lára Gunnarsdóttir, Ólöf Matthíasdóttir, Lydia Jósafratsdóttir, Margrét Adolfsdóttir og Leo Santos-Shaw, Margrét Guðnadóttir, Margrét Jónsdóttir, Philippe Ricart, Pia Rakek Sverrisdóttir, Ragnheiður Guðmundsdóttir, Signý Ormarsdóttir, Sigríður Anna Sigurðardóttir, Þorbjörg Valdimarsdóttir.

Sýningin er opin alla daga frá 14–18 og stendur til 12. nóvember.

Sýningin er styrkt af Reykjavík – menningarborg Evrópu árið 2000.